


HAMPIÐJAN 2009



ÁRSSKÝRSLA



HAMPIÐJAN 2009



HLUTHAFAR

Viðskipti eru með blutabréf Hampiðjunnar á samnorræna blutabréfamarkaðnum First North.

STJÓRN

Stjórn Hampiðjunnar kjörin á aðalfundi 2. apríl 2009:



*Sigurgeir
Guðmannsson*

*Kristján
Loftsson*

*Bragi
Hannesson,
formaður*

*Árni
Vilbjálmsson*

*Jón Guðmann
Pétursson*

SKIPURIT SAMSTÆÐU HAMPIÐJUNNAR

Stjórn Hampiðjunnar hf.			
Hampiðjan Jón Guðmann Pétursson			
Fjarðanet Jón Einar Marteinnsson	Ísland	Skrifstofa & hagdeild Jón Oddur Davíðsson	Ísland
Hampiðjan Kanada David Kelly	St.Johns	Veiðarfæri, sala Haraldur Árnason	Ísland
Hampiðjan HiTec Ropes Terje Thomassen	Noregur	Veiðarfæri, framleiðsla Árni Skúlason	Ísland
Hampiðjan Baltic Hjörtur Erlendsson	Litháen	Net & kaðlar, sala Ingi Þórðarson	Ísland
Hampiðjan USA Viðir Vernharðsson	Seattle	Net & kaðlar, framleiðsla Hjörtur Erlendsson	Ísland
Hampiðjan Namibia Ásmundur Björnsson	Walvis Bay	Vöruþróun Guðmundur Gunnarsson	Ísland
Hampiðjan Nýja Sjáland Karen Culley	Nelson		
Cosmos Trawl Georg Jensen	Danmörk		
Swan Net Gundry Evelyn Cassidy	Írland		



ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2009

EFNISYFIRLIT

5	S tarfsemin
11	Á rsreikningur 2009:
12	Skýrsla stjórnar og forstjóra
13	Áritun endurskoðenda
15	Rekstrarreikningur
15	Yfirlit um heildarafkomu
16	Efnahagsreikningur
17	Yfirlit yfir breytingar á eigin fé
18	Sjóðstreymi
19	Skýringar

REKSTUR OG AFKOMA

Sala samstæðunnar nam € 37,7 milljónum (kr. 6,6 milljarðar) en var € 39,7 milljónir (kr. 5,2 milljarðar) árið áður. Samdráttur í sölu, í evrum talið, var 5% en 27% aukning í krónum talið.

Rekstrarhagnaður nam €3,1 milljón (kr. 536 milljónum) sem var 8,1% af tekjum ársins, en hann var €1,9 milljónir (kr. 247 milljónir) árið áður sem var þá 4,8% af tekjum.

Fjárliðir voru €0,4 milljónir til tekna (kr. 65 milljónir). Meðtalið í þeim lið er hlutdeild félagsins í hagnaði HB Granda hf. að upphæð €1,2 milljónir (kr. 209 milljónir). Fjárliðir voru €2,6 milljónir (kr. 337 milljónir) til gjalda árið áður.

Hagnaður samstæðunnar var €3,0 milljónir (kr. 520 milljónir) en var €0,9 milljónir (kr. 120 milljónir) árið áður.

UMBROTATÍMAR 2003-2010

Í byrjun árs 2003 var skrifstofa, netahnýting og kaðlaframleiðsla staðsett að Bíldshöfða 9 í Reykjavík, framleiðsla þráða og netagarns var hjá dótturfélagi í bænum Pombal í Portúgal og framleiðsla og viðhald flottrolla og fixing botntrolla í leiguhúsnæði við vesturhöfn Reykjavíkur.

Á þeim tíma skorti nokkuð upp á að Hampiðjan sinnti öllum þörfum viðskiptavina sinna þegar kom að veiðarfærum. Hampiðjan sá hvorki um uppsetningu né viðhald nóta til loðnu- og síldveiða, seldi ekki margskonar járnvörur sem notaðar eru í og við veiðarfæri, ásamt því að framleiða hvorki víragrandara né grjóthopp-aralengjur fyrir botntroll.

Augljóst óhaggræði var af því að framleiða garn í Portúgal, flytja það til Íslands til að hnýta úr því trollnet sem seld voru m.a. til viðskiptavina í Evrópu.



STARFSEMIN



Flutningskostnaðurinn var íþyngjandi, óhagkvæmt var að halda úti tveimur framleiðslueiningum ásamt því að rekstrarkostnaður á Íslandi fyrir samkeppnisiðnað var óhagstæður. Að lokum má nefna að þrátt fyrir umfangsmikinn vélakost framleiddi Hampiðjan ekki nælonnet sem eru notuð í umtalsverðu magni í flottroll og flottrollspoka.

Með flutningi á skrifstofu Hampiðjunnar að Skarfabakka lýkur nú á þessu vori umbreytingum á verkefnum, skipan og aðstöðu rekstrareininga Hampiðjunnar sem hófust







árið 2003. Helstu áfangar þeirra voru:

- Um mitt ár 2003 keypti Hampiðjan allt hlutfé Utzon Net. Utzon Net var danskt félag sem var sérhæft í framleiðslu nælonneta en framleiddi einnig kaðla úr Dyneema og trollkúlur. Eigandi félagsins hafði gripið til þess ráðs að flytja framleiðslu nælonnet-

anna til Sjólei í Litháen en vista framleiðslu kaðla og trollkúlna í félögum sem voru staðsett í Danmörku. Framleiðsla nælonnetanna var í gömlu en uppgerðu iðnaðarhúsi í borginni Sjólei í Litháen, um 10 þús. fermetrar að stærð. Hjá félaginu störfuðu um 60 starfsmenn,

þar af 5 danskir yfirmenn.

- Í lok árs 2003 flutti Hampiðjan framleiðslu á trollnetum af Bíldshöfðanum til hins nýja dótturfélags í Sjólei, sem fékk nafnið Hampiðjan Baltic.





- Árið 2004 var húsnæði Hampidjan Baltic stækkað um 4 þús. fermetra og í lok þess árs var framleiðsla á köðlum færð frá Íslandi til dótturfélagsins í Litháen. Í kjölfarið var um 9 þús. fermetra fasteign Hampidjunnar að Bíldshöfða seld ásamt lóðaréttindum og 2 skrifstofuhæðum í skrifstofuturni á vesturlóð Bíldshöfðans. Skrifstofa Hampidjunnar flutti í byrjun árs 2005 af Bíldshöfðanum í leiguhúsnæði að Flatahrauni í Hafnarfirði.

- Árið 2005 var aftur ráðist í verulega stækkun á verksmiðju Hampidjunnar Baltic og nú um 6 þús. fermetra til að hýsa netaverkstæði sem áhugi var að koma á fót í tengslum við grunnframleiðsluna og þráð- og garnframleiðslu dótturfélagsins Balmars í Portúgal. Að afloknum flutningi garnframleiðslunnar árið 2006 voru eignir dótturfélagsins í Portúgal seldar, m.a. 5 þús. fermetra fasteign í Pombal.

- Árið 2003 keypti Hampidjan 60% hlutafjár í Tben ehf. Tben sinnti endursölu á jarnavörum til

netaverkstæða og útgerða ásamt því að vinna fótreypi á troll og víra. Síðar keypti Hampidjan eftirstöðvar hlutafjár félagsins og sameinaðist það í kjölfarið Hampidjunni.



- Árið 2004 tók Hampidjan yfir rekstur Nótastöðvarinnar á Akranesi. Nótastöðin hafði sinnt m.a. þjónustu við nætur og leigði Hampidjan fasteign félagsins á Akranesi í nokkur ár fyrir þá starfsemi.

- Árið 2007 hóf Hampidjan að reisa 6 þús. fermetra húsnæði fyrir neta- og nótaverkstæði, víravinnslu, lager og skrifstofur á 1,5 hektara lóð á Skarfabakka í Sundahöfn. Því verki lauk nú endanlega á vormánuðum 2010 þegar skrifstofa félagsins flutti í nýjar höfuðstöðvar.

STAÐAN Í DAG

Að Skarfabakka er nú rekin alhliða þjónusta með veiðarfæri fyrir togara- og nótaútgerðir. Þar eru nætur endurnýjaðar og þjónustaðar, flottroll framleidd og yfirfarin, flottrollspokar settir upp, botntroll fixuð, víragrandarar þrykkir, grjóthopparar settir saman og margs konar járnvara seld með netum og köðlum. Á skrifstofunni starfa troll- og hlerahönnuðir, sölumenn fullgerðra veiðafæra og íhluta þeirra ásamt sölumönnum framleiðsluvara Hampidjunnar í Baltic. Þar eru einnig aðalskrifstofa Hampidjunnar sem sér um bókhald, fjármál, upplýsingakerfi og yfirlýstjórn móðurfélagsins og dótturfélaga. Að Skarfabakka starfa nú um 50 starfsmenn.

Hjá Hampidjan Baltic í Sjólei í Litháen er nú, á 21 þús. fermetra gólfi, öll grunnframleiðsla Hampidjunnar, þ.e. framleiðsla á þráðum, garni, köðlum og öllum gerðum neta fyrir troll. Þar er einnig starfrækt veiðarfæragerð




og léttir hún undir með fyrirtækjum samstæðunnar þegar þess þarf með. Hjá félaginu starfa um 260 starfsmenn, allt heimamenn að undanskildum Hirti Erlendssyni, framkvæmdastjóra félagsins.

Fyrirkomulag rekstrar Hampidjunnar er nú traust og vonast er til að það verði félaginu ábatasamur rekstrargrunnur fyrir komandi ár.

STARFSEMIN



- **Móðurfélagið** rekur netaverkstæði að Skarfagörðum sem sinnir sölu, framleiðslu og þjónustu við veiðarfæri. Þá fellur rekstur dótturfélags í Litháen innan stjórnskipunar móðurfélagsins en það félag framleiðir net og kaðla, m.a. fyrir móður- og dótturfélög samstæðunnar, og ofurkaðla í ýmsa notkun. Þá vistast eignarhlutir í öðrum dótturfélögum hjá móðurfélaginu ásamt 9,4% eignarhlut í HB Granda hf. Rekstur móðurfélagsins gekk ágætlega árið 2009 og afkoman var ásættanleg.




- **Hampidjan HiTec**, staðsett í Bergen í Noregi, sinnir alfarið sölu á vörum Hampidjunnar sem framleiddar eru úr ofurefnum s.s. Dyneema og Vectran. Áhersla félagsins er á sölu til olíuiðnaðar. Rekstur HiTec gekk brösuglega annað árið í röð. Minni sala til olíuleitarfyrirtækja vó þar þýngst. Tap var á rekstrinum. Skorið hef-

ur verið niður í rekstrarkostnaði og áhersla lögð á að ná jafnvægi í rekstri félagsins á þessu ári.

- **Swan Net** er stærsta dótturfélag móðurfélagsins og sinnir veiðarfæramörkuðum á Írlandi, Skotlandi, Shetlandseyjum og svo á austurströnd Bandaríkjanna. Vegna góðs árangurs í sölu





STARFSEMIN

veiðafæra, mest til Asíu, jókst sala félagsins frá árinu áður og var kr. 2 milljarðar. Hagnaður var af rekstri félagsins.

- **Cosmos** í Danmörku sinnir jöfnum höndum flottrollum, nótum, rækju- og botntrollum og fiskeldi, mest fyrir viðskiptamenn í Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Sala félagsins jókst aðeins frá fyrra ári og var kr. 1,1 milljarður. Minniháttar tap var á rekstrinum.

- **Fjarðanet** er innlent dótturfélag Hampidjunnar. Félagið hefur starfsstöðvar á Neskaupstað, Fáskrúðsfirði, Akureyri og Ísafirði. Rekstur Fjarðaneta gekk framar vonum og var ágætur hagnaður af rekstri félagsins eftir erfið undan-gengin ár.

- **Hampidjan USA** er netaverkstæði í Seattle í Bandaríkjunum og starfsemi þess er að stærstum hluta þjónusta við útgerðir sem veiða ufsa í Beringshafi. Reksturinn gekk illa á síðasta ári og kom þar til minni sala sem rekja má til





kvótaniðurskurðar á alaskaufsa. Tap var á rekstrinum.

- **Hampidjan New Zealand** er söluaðili á vörum Hampidjunnar í Eyjaálfu og samhliða starfsstöð í Nelson rekur félagið netaverkstæði í Timaru sem sér um veiðarfæraþjónustu m.a. fyrir Sanford Seafood, sem er eitt af þremur stórum sjávarútvegsfélögum Nýja-Sjálands. Eftir nokkur erfið ár náðist jafnvægi í rekstri félagsins á síðasta ári.

- **Hampidjan Namibia** er netaverkstæði í Walvis Bay í Namibíu. Rekstur félagsins er ekki umsvifamikill en hefur verið í góðu jafnvægi.

- **Hampidjan Canada** er netaverkstæði í Spaniards Bay, rétt utan St. Johns á Nýfundnalandi, sem sinnir að stærstum hluta veiðarfæraþjónustu við útgerðir rækjubáta. Rekstrartekjur félagsins drógust heldur saman í fyrra og lítið tap var á rekstri félagsins.




HLUTHAFAMÁL

Viðskipti með hlutabréf Hampiðjunnar á First North hlutabréfamarkaðnum á árinu 2009 námu kr. 8,9 milljónum. Gengi hlutabréfa Hampiðjunnar í árslok var 3,5 en var 5 í ársbyrjun. Nafnávöxtun var neikvæð um 30%. Í ársbyrjun 2009 voru hluthafar félagsins 236 en í árslok voru þeir 237.

Á árunum 2003 til 2007 reis hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi í áður óþekkta hæð og í júlí mánuði 2007 sló heildarvísitala Aðallista Kauphallarinnar yfir 8.000 stig en hún hafði verið sett sem 1.000 stig í ársbyrjun 1998. Verðmæti félaga á Aðallista Kauphallarinnar hafði því áttfaldast á innan við 10 árum.


Seinni hluta árs 2007 hófst allsnörp lækkun á verðmæti félaganna sem í október 2008 endaði í algjöri hruni. Umrædd vísitalan fór lægst í um 380 stig um vorið 2009 og hafði þá lækkaði yfir 95% frá því er hún reis hæst í júlí 2007. Slíkt hrun er óþekkt í



sögu hlutabréfamarkaða og högg-
ið, sem margir fjárfestar fengu,
slíkt að eðlilegt er að þeir þurfi
tíma til að endurheimta þrek og
vilja til að fjárfesta aftur á ís-
lenskum hlutabréfamarkaði. Eins

og sést á myndinni þá jókst verð-
mæti Hampiðjunnar nokkuð þegar
bólan blés út en lækkað með og í
kjölfar hrunsins.

Ef vel tekst til á næstu misserum
og árum með rekstur félagsins
hlýtur verðmæti þess að aukast á
hlutabréfamarkaði frá því sem nú
er.



HORFUR

Árið 2009 var í heildina tekið hag-
fellt fyrir Hampiðjuna. Útlit fyrir
yfirstandandi ár er ágætt og er
reiknað með að rekstrarhagnaður
samstæðunnar, þ.e. hagnaður fyrir
fjárliði og skatta, verði keimlíkur
því sem hann var á síðasta ári.

ÁRSREIKNINGUR HAMPIÐJUNNAR 2009

LAGÐUR FRAM Á AÐALFUNDI 21. MAÍ 2010

FYRIR STARFSÁRIÐ

1. JANÚAR TIL 31. DESEMBER 2009

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaganna Balmar Fios lda. í Portúgal, Hampidjan Namibia ltd. í Namibíu, Hampidjan New Zealand ltd. á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA Inc. í Bandaríkjunum, Swan Net Gundry ltd. á Írlandi, Cosmos Trawl a/s í Danmörku, Hampidjan HiTec Ropes a/s. í Noregi, Hampidjan Canada ltd. í Kanada, Hampidjan Baltic uab í Litháen, Otter Ultra Low Drag ltd. Cayman og Fjarðaneta hf. á Íslandi.

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 37,7 milljónir evra en árið áður voru rekstrartekjur 39,7 milljónir evra. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 436, en voru 537 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 10,2 milljónum evra, þar af voru 1,6 milljónir evra launa-tengd gjöld. Hagnaður ársins var 3 milljón evrur en árið áður var hagnaður 918 þúsund evrur.

Heildareignir samstæðunnar voru 78 milljónir evra í árslok. Eigið fé var 37,6 milljónir evra í árslok en af þeirri upphæð eru 6 milljónir evra hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er talin með eigin fé, var 48% í árslok. Hlutfé í félagsins í árslok var IKR 496,6 milljónir eða 5,5 milljónir evra. Síðasta skráða viðskiptagengi með hluta-bréf félagsins á sl. ári var 3,5.

Fjöldi hluthafa í félaginu var 237 í árslok, en var 236 í ársbyrjun. Í árslok áttu þrír hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu, en það eru Vogun hf. sem átti 37,8%, Landsbankinn hf. sem átti 22% og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. sem átti 14,7% af heildarhlutfé félagsins, aðrir hluthafar áttu minna en 10% eignarhlut.

Stjórn Hampiðjunnar hf. hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í starfsreglum þessum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra.

Stjórn Hampiðjunnar hf. leitast við að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þó er ekki ljóst hvort stjórn félagsins uppfyllir skilyrði í greinum 2.5 og 2.6, en það er mat stjórnar að viðmið þeirra orki tvímælis.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2010 verði greiddur 12% arður af nafnverði hlutafjár til hluthafa, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Hafnarfirði 19. mars 2010

Stjórn:
Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson
Sigurgeir Guðmannsson

Forstjóri:
Jón Guðmann Pétursson

Kristján Loftsson
Jón Guðmann Pétursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til Stjórnar og hluthafa í Hampiðjunni hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Hampiðjunnar hf. á árinu 2009, efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Reykjavík 19. mars 2010

PricewaterhouseCoopers hf.

Ómar H. Björnsson Kristinn Freyr Kristinsson

REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU

	Skýringar	2009	2008
Sala		37.700	39.680
Beinn framleiðslukostnaður		(26.121)	(28.646)
Framlegð		11.579	11.034
Rekstrarkostnaður	7	(8.513)	(9.149)
Rekstrarhagnaður fyrir aðrar tekjur (-gjöld)		3.066	1.885
Aðrar tekjur (-gjöld)	5	0	358
Rekstrarhagnaður		3.066	2.243
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	8	(824)	(4.077)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi	13	1.193	1.511
		369	(2.566)
Hagnaður (tap) fyrir skatta		3.435	(323)
Tekjuskattur	9	(459)	1.241
Hagnaður ársins		2.976	918
Skipting hagnaðar (taps)			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		2.659	1.039
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		317	(121)
		2.976	918
Hagnaður á hlut (sýndur sem EUR cent á hlut)	10	0,60	0,18

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

	Skýringar	2009	2008
Hagnaður ársins		2.976	918
Rekstrarliðir færðir á eigið fé			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga		322	(1.102)
Áhrif hlutdeildarfélagi		(548)	575
Heildarafkoma ársins		2.750	391
Skipting heildarhagnaðar (-taps)			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		2.481	401
Hluti minnihluta		269	(10)
Heildarafkoma ársins		2.750	391

EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐU

Eignir	Skýringar	2009	2008
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	32.028	31.877
Óefnislegar eignir	12	5.085	5.216
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	13	12.379	11.808
Fjárfestingareignir	14	326	266
Tekjuskattsinneign	19	242	193
		<u>50.060</u>	<u>49.360</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	15	15.289	16.504
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	8.743	7.949
Handbært fé	17	4.218	2.757
		<u>28.250</u>	<u>27.210</u>
Eignir samtals		<u>78.310</u>	<u>76.570</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.536	5.537
Yfirverðsreikningur hlutfjár		521	526
Aðrir varasjóðir		(901)	(1.591)
Óráðstafað eigið fé		26.434	24.643
		<u>31.590</u>	<u>29.115</u>
Hlutdeild minnihluta		5.992	5.723
Eigið fé samtals		<u>37.582</u>	<u>34.838</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	18	17.112	18.029
Tekjuskattsskuldbinding	19	1.716	1.037
		<u>18.828</u>	<u>19.066</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20	4.397	5.220
Skuldir við lánastofnanir	18	17.503	17.446
		<u>21.900</u>	<u>22.666</u>
Skuldir samtals		40.728	41.732
Eigið fé og skuldir samtals		<u>78.310</u>	<u>76.570</u>

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á EIGIN FÉ SAMSTÆÐU

	Hlutfé	Yfir verðs- reikn	Aðrir vara- sjóðir	Óráðst. eigið fé	Hlud- minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2008	5.543	549	(378)	23.458	5.733	34.905
Heildarafkoma ársins			(1.213)	1.614	(10)	391
Arður til hluthafa				(429)		(429)
Keypt eigin hlutabréf	(6)	(23)				(29)
Staða 31. desember 2008 / 1. janúar 2009	5.537	526	(1.591)	24.643	5.723	34.838
Heildarafkoma ársins			369	2.112	269	2.750
Lagt í varasjóð			321	(321)		0
Keypt eigin hlutabréf	(1)	(5)				(6)
Staða 31. desember 2009	<u>5.536</u>	<u>521</u>	<u>(901)</u>	<u>26.434</u>	<u>5.992</u>	<u>37.582</u>

Frekari skýringar á eigin fé eru í skýringum 10 og 24

SJÓÐSTREYMI SAMSTÆÐU

	Skýringar	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		3.066	2.243
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		1.752	1.661
Hagnaður fyrir fjárlíði (EBITDA)		4.818	3.904
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(35)	(494)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		921	2.362
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		5.704	5.772
Innborgaðir vextir og arður.....		261	380
Greiddir vextir.....		(823)	(1.890)
Greiddir skattar.....		(311)	(892)
Handbært fé frá rekstri		4.831	3.370
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna		(1.443)	(5.170)
Kaup ófnislegra eigna		(217)	(114)
Kaup og sala eignarhluta í öðrum félögum		114	590
Handbært fé til fjárfestinga		(1.546)	(4.694)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		(889)	5.883
Tekin ný langtímalán		591	30
Afborganir langtímalána		(1.519)	(3.779)
Breyting á hlutafé		(7)	(28)
Arður greiddur til hluthafa		0	(429)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		(1.824)	1.677
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.461	353
Handbært fé í byrjun árs.....	17	2.757	2.404
Handbært fé í lok ársins	17	4.218	2.757

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAADFERÐIR

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra. Félagið er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Flatahrauni 3 í Hafnarfirði.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Kauphallar OMX á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 19. mars 2010.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB).

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, eins og henni hefur verið breytt með endurmati fasteigna, fjárfestinga sem haldið er til sölu og fjáreigna á gangverði (þ.m.t. afleiðugerninga) sem fært er í rekstrarreikning.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 4.

2.1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkunarir sem tóku gildi 1. janúar 2009 og hafa áhrif á ársreikninginn

Staðall/ túlkun	Innihald	Gildistökutími
IFRS 7	Fjármálagerningar - Framsetning, endurbætur	1. janúar 2009
IFRS 8	Starfspættir	1. janúar 2009
IAS 1	Framsetning reikningsskila, endurbætur	1. janúar 2009
IAS 23	Lántökukostnaður, endurbætur	1. janúar 2009
IFRIC 16	Áhættuvarnir vegna fjárfestinga í erlendra starfsemi	1. janúar 2009
	Endurbætur á ýmsum IFRS stöðlum	Maí 2008 og apríl 2009

IFRS 7 'Fjármálagerningar – Framsetning' (endurbætur) (tók gildi 1. janúar 2009). Endurbæturnar gera viðbótarkröfur til framsetninga á mati á gangvirði og á lausafjárahættu. Þessar breytingar krefjast þess að fjármálagerningar séu flokkaðir eftir þeim þremur aðalflokkum aðferða sem notaðar eru við mat á gangvirði. Þessi endurbót krefst aðeins viðbótar skýringa en breytir ekki afkomu félagsins.

IFRS 8, 'Starfspættir' (tók gildi 1. janúar 2009). Þetta er nýr staðall sem kemur í stað IAS 14, 'Starfspættir', þar sem krafan var að ákvarða aðal- og aukastarfspætti. Samkvæmt nýja staðlinum er ytri starfspættir samstæðunnar ákvarðaðir út frá því hvernig skýrslugjöf innanhúss er til yfirstjórnar, sem er þá þeir stjórnendur sem taka aðalákvæðanir samstæðunnar, svo sem ákvarðanir um nýtingu aðfanga og meta frammistöðum starfspáttanna. Beiting IFRS 8 hefur ekki meiriháttar áhrif á reikningsskil samstæðunnar en hefur áhrif á skýringar með starfspáttum og á flokkun og mat einstakra starfspátta. Skýringum með starfspáttum hefur verið breytt til samræmis við nýja staðal.

IAS 1 (endurbætur) 'Framsetning reikningsskila' (tók gildi 1. janúar 2009). Í endurskoðun á staðlinum voru breytingar á eigin fé sem tengjast eigendum aðskildar frá breytingum sem tengjast heildaraflkomu í yfirliti yfir breytingar á eigin fé. Að auki er kynnt nýtt yfirlit, yfirlit yfir heildaraflkomu, sem sett er fram annað hvort sem eitt yfirlit eða tvö tengd yfirlit. Í því koma fram allir liðir sem hafa áhrif á heildaraflkomu fyrirtækisins. Samstæðan hefur valið að nota tvö yfirlit yfir heildaraflkomu.

IAS 23 (endurbætur) 'Lántökukostnaður' (tók gildi 1. janúar 2009). Þessar endurbætur loka fyrir þann valmöguleika að gjaldfæra strax allan lántökukostnað vegna eigna sem þurfa umtalsverðan tíma í byggingu. Þessar endurbætur á IAS 23 hafa ekki veruleg áhrif á afkomu eða fjárhagsstöðu samstæðunnar.

IFRIC 16, 'Áhættuvarnir vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi' (tók gildi 1. janúar 2009). Þessi túlkun skýrir reikningshaldslega meðhöndlun áhættuvarna vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi. Þar á meðal þá staðreynd að áhættuvarnir vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi snýr að mismunum í starfrækslugjaldmiðlinum en ekki í framsetningargjaldmiðlinum, og að áhættuvarnartækið má staðsetja hvar sem er í samstæðunni. Þessi túlkun hefur ekki veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Endurbætur á ýmsum IFRS stöðlum sem voru útgefnar í maí 2008 og apríl 2009. Þetta voru endurbætur Alþjóða reikningsskilaráðið taldi nauðsynlegar en ekki aðkallandi. Þessar endurbætur valda breytingum á framsetningu, skráningu eða mati í reikningsskilum, og breytingum á skilgreiningum eða ritstýringu á ýmsum stöðlum. Flestar endurbótanna taka gildi á tímabilum frá 1. janúar 2009 eða 1. janúar 2010, með innleiðingu fyrir þann tíma heimilaðan. Þessar endurbætur hafa ekki veruleg áhrif á reikningsskilaaðferðir.

(b) Staðlar, endurbætur og túlkningar sem tóku gildi 2009, en eru ekki viðeigandi í starfsemi samstæðunnar.

Eftirfarandi staðlar, endurbætur og túlkningar tóku gildi 2009, en eru ekki viðeigandi í starfsemi samstæðunnar:

Staðall/ túlkun	Innihald	Gildistöktími
IFRS 2	Kaupréttarsamningar - skilyrði ávinnslu	1. janúar 2009
IAS 32 og IAS 1	Fjármálagerningar með endurkaupaskyldu og skuldbindingar sem verða til vegna gjaldþrota.	1. janúar 2009
IFRIC 13	Tryggðakerfi	1. janúar 2009

IFRS 2 (endurbætur), 'Kaufréttarsamningar' (tók gildi 1. janúar 2009) fjallar um skilyrði fyrir ávinnslu kaupréttar og ógildingu. Endurbæturnar skýra að skilyrði fyrir ávinnslu kaupréttar geta eingöngu verið þjónusta og frammistöðu skilyrði. Önnur atriði í kaupréttarsamningum eru ekki skilyrði fyrir ávinnslu. Önnur atriði þurfa að vera innifalin í gangvirkisútreikningi kaupréttarins en hafa ekki áhrif á fjölda hluta sem ávinnast eða virðismat eftir upphafsdag kaupréttarins. Öll ógilding, hvort sem er frá féluginu eða öðrum, á að hljóta sömu reikningshaldslegu meðhöndlun. Endurbæturnar hafa ekki áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IAS 32 and IAS 1 (endurbætur), 'Fjármálagerningar með endurkaupaskyldu og skuldbindingar sem verða til vegna gjaldþrota' (tók gildi 1. janúar 2009). Þessa endurbætur gera það að skyldu að flokka sem eigin fé vissa fjármálagerninga sem uppfylla þá skilgreiningu að vera skuld. Fjármálagerningar með endurkaupaskyldu sem mynda afgangshlutdeild í nettó eign félags eru nú flokkaðir sem eigin fé ef viss skilyrði eru uppfyllt. Líkar þessum kröfum eru frávik frá skilgreiningunni á skuld fyrir gerninga sem veitir handhafa hlutdeild í nettó eign fyrirtækis aðeins við upplausn þess. Innleiðing endurbótanna á IAS 32 hefur engin áhrif hjá samstæðunni.

IFRIC 13, 'Tryggðakerfi' (tók gildi 1. janúar 2009). IFRIC 13 skýrir að þegar vörur eða þjónusta er seld með tryggðakerfi (t.d. tryggðapunkta eða ókeypiss vörum), þá er slíkt margþætt fyrirkomulag. Tekjum er þá skipt á milli þátta í fyrirkomulaginu miðað við gangvirði. IFRIC 13 er ekki viðeigandi í rekstri samstæðunnar þar sem tryggðakerfi eru ekki notuð.

(c) Útgefnir staðlar og túlkningar sem ekki hafa tekið gildi.

Eftirfarandi staðlar og túlkningar á gildandi stöðlum hafa verið gefnir út og verða skylda á reikningsskilatímabilum samstæðunnar sem byrja 1. janúar 2010 eða eftir það, en samstæðan hefur ekki innleitt þá fyrir þann tíma:

Staðall/ túlkun	Innihald	Gildistökutími
IFRS 3	Sameining félaga	1. júlí 2009
IAS 27	Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil -	1. júlí 2009
IAS 39	Fjármálgerningar: skráning og mat - hæfur áhættuvarinn gerningur - endurbætur	1. júlí 2009
IFRIC 17	Útdeiling eigna til eigenda sem ekki hefur áhrif á	1. júlí 2009
IFRIC 18	Yfirfærsla eigna frá viðskiptamönnum.	1. júlí 2009
IFRS 9	Financial instruments part 1: Classification and	1. janúar 2013

IFRS 3, 'Sameining félaga' (tók gildi 1. júlí 2009). Þessi endurnýjaði staðall gerir ráð fyrir kaupaðferðinni við sameiningu félaga, ásamt nokkrum mikilvægum breytingum. Sem dæmi þá verða allar greiðslur vegna kaupa á rekstri að vera skráðar á gangvirði að kaupdegi, og óvissar greiðslur verða flokkaðar sem skuld sem síðan verður endurmetin með breytingu í rekstrarreikningi. Það er val, við hver kaup, að meta áhrif minnihluta í keyptum rekstri annað hvort á gangvirði eða miðað við hlutfall af nettó eignum rekstrarins. Allur kostnaður við kaupin verður gjaldfærður strax. Samstæðan mun nota IFRS 3 við allar sameiningar félaga frá 1. janúar 2010.

IAS 27 (endurbætur) 'Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil', (tók gildi 1. júlí 2009). Þessar endurbætur krefjast þess að allar breytinga á eignarhlut í dótturfyrirtækjum (sem ekki valda breytingu á yfirráðum yfir því) verði færðar í gegn um eigið fé. Þessar breytingar eignarhlut breyta því ekki viðskiptavild né fara í gegn um rekstrarreikning eins og áður var. Þessar endurbætur breyting einnig meðferð á tapi hjá dótturfélagi auk þess að segja fyrir um meðferð þegar félag tapar yfirráðum yfir dótturfélagi. Samstæðan mun nota endurbætur IAS 27 frá 1. janúar 2010.

IAS 39 (endurbætur), 'Fjármálagerningar: Skráning og mat - Hæfur áhættuvarinn gerningur' (tók gildi 1. júlí 2009). Þessar endurbætur skýra tvenns konar aðstæður. Við ákvörðun á áhættu á einni hlið ályktar IAS 39 að keyptur valréttur sem er skilgreindur í heild sinni sem áhættuvarnartæki fyrir áhættu á einni hlið geti ekki verið algjörlega virkur. Skilgreining á verðbólgu eða hluta af verðbólgu sem áhættu í áhættuvarnarsambandi er ekki leyfð nema í sérstökum aðstæðum. Þetta mun ekki breyta reikningsskilum Samstæðunnar.

IFRIC 17, 'Útdeiling eigna til eigenda sem ekki hefur áhrif á fjárstreymi' (tók gildi 1. júlí 2009). IFRIC 17 tekur á hvernig meta eigi arðgreiðslu til hluthafa sem er í formi eigna annarra en peninga. Arðsskuldbinding er skráð þegar arðsúthlutun hefur verið heimiluð og fyrirtæki hefur þar með ekki lengur áhrif á hana. Þessa skuldbindingu vegna arðs á að meta á gangvirði þeirrar eignar sem notuð verður í arðsúthlutunina. Mismunurinn á greiddum arði og gangvirði eignanna verður færður í rekstrarreikning. Viðbótarskýringar þarf ef eignin sem notuð er í arðsúthlutunina er skilgreind sem aflögð starfsemi. IFRIC 17 hefur ekki áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRIC 18, 'Yfirfærsla eigna frá viðskiptamönnum' (tók gildi 1. júlí 2009). IFRIC 18 skýrir hvernig eigi að meðhöndla fastafjármuna sem fyrirtæki tekur við frá viðskiptavinum. Túlkunin á einnig við samkomulag þar sem fyrirtæki tekur við peningum frá viðskiptavinum þar sem nota verður fjárhæðina eingöngu til að byggja eða kaupa fastafjármuni, og fyrirækið verður að nota fastafjármuninn til að veita viðskiptavininum áframhaldandi aðgang að framboði af vörur og/eða þjónustu. IFRIC 18 hefur ekki áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRS 9, 'Fjármálagerningar 1. hluti: Flokkun og mat' (Tekur gildi 1. janúar 2013). IFRS 9 gefinn út í nóvember 2009 og kemur í stað þeirra hluta af IAS 39 sem varða flokkun og mat fjáreigna. Meginatriði staðalsins eru eftirfarandi: Fjáreignir á að flokka í tvo matsflokka; þær sem við síðara mat færast á gangvirði og þær sem við síðara mat færast á afskrifuðu kostnaðarverði. Ákvörðunin er tekin við upphaflega skráningu. Flokkunin fer eftir því viðskiptamódeli sem fyrirtæki notar við stýringu fjármálagerningum sínum og einkennum í samningsbundnu sjóðsflæði gerningsins. Gerningur á aðeins að meta á afskrifuðu kostnaðarverði við síðara mat ef hann er skuldagerningur og það sé markið samkvæmt viðskiptamódeli fyrirtækisins að eiga eignina til að innheimta samningsbundið sjóðsflæði, og að samningsbundið sjóðsflæði eignarinnar sé eingöngu afborganir höfuðstóls og vaxta. Alla aðra skuldagerninga á að meta á gangvirði með breytingum færðum í rekstrarreikning.

Hlutabréf á við síðara mat að meta á gangvirði. Hlutabréf ætluð til sölu á að meta á gangvirði með breytingum færðum í rekstrarreikning. Fyrir fjárfestingar í öllum öðrum hlutabréfum þarf að taka óafturkallanlega ákvörðun við upphaflega skráningu um það hvort færa eigi gangvirðisbreytingar í gengum heildarafkomu eða rekstrarreikning. Það verður engin endurfærsla gangvirðis yfir í rekstrarreikning. Þetta val er framkvæmt fyrir fyrir hvern gerning. Arð á að færa í rekstrarreikning ef hann er ávöxtun af fjárfestingunni. IFRS 9 gildir frá 1. janúar 2013, en innleiðing fyrir þann gildistökutíma er heimil. Samstæðan mun innleiða staðalinn frá 1. janúar 2013.

(d) Innleiðing staðla fyrir gildistökutíma þeirra.

Samstæðan innleiddi enga staðla fyrir gildistökutíma þeirra á árinu 2009.

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

2.2 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Litið er til áhrifa af mögulegum atkvæðarétti sem hægt er að nýta eða breyta við mat á því hvort samstæðan ráði yfir öðru fyrirtæki. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirráðum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Óinnleyst tap er einnig felld niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

b) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru allar rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfirráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða töpum hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárrækinga er færður á eigið fé. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í töpum hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari töp nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

2.3 Starfspáttaskýrslur

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfspáttum samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina sem einn starfspátt.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilgjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok ársins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félag samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á gengi í lok ársins
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi ársins
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár

Viðskiptavild og annað yfirverð vegna kaupa á erlendum dótturfélögum eru meðhöndluð sem eignir og skuldir þeirra og umreiknað á gengi lok ársins.

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, iðnaðarhúsnæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bífreiðar	5-9 ár
Fasteignir	25-70 ár
Skrifstofubúnaður, áhöld og þróunarkostnaður	3-5 ár
Einkaleyfi	16-20 ár
Hugbúnaður	5-10 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Bókfært verð eignar er fært niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádregnum kostnaði við söluna og bókfærðs verðs seldra eigna á söludegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekens dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum er tengjast ýmsum framleiðsluvörum samstæðunnar. Einkaleyfi er fært á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(d) Þróunarkostnaður

Kostnaður tengdur þróun og viðhaldi veiðarfæra er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Kostnaður, sem er beinlínis tengdur framleiðslu aðgreinanlegra og einstakra veiðarfæra sem samstæðan hefur umráð yfir og mun sennilega mynda efnahagslegan ávinning sem er meiri en kostnaður í meira en eitt ár er færður sem óáþreifanlegar eignir. Beinn kostnaður innifelur starfsmannakostnað vegna veiðarfæraþróunar og viðeigandi hluta tilheyrandi óbeins kostnaðar.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

2.8 Fjárfestingar

Eignarhlutir í öðrum félögum innifela eignarhluti í öðrum félögum en dóttur- og hlutdeildarfélögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar í kröfur og fjáreignir sem haldið er til sölu. Flokkunin tekur mið af tilgangi fjárfestinganna. Stjórnendur ákveða flokkun fjárfestinganna á kaupdegi og endurskoða reglulega.

(a) Kröfur

Kröfur eru fjáreignir með skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði og ekki stendur til að selja þær. Þær eru meðal veltufjármuna nema samið sé um gjalddaga sem er síðar en 12 mánuði frá dagsetningu efnahagsreiknings. Kröfur eru innifaldar meðal viðskiptakrafna og fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi.

(b) Fjárfestingar sem haldið er til sölu

Fjárfestingar haldið til sölu eru ekki afleiður og hafa ekki verið skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þær eru færðar meðal fastafjármuna nema stjórnendur ætli sér að selja þær innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings.

Kaup og sala fjárfestinga eru færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja fjárfestingar. Viðskiptakostnaður er innifalinn í kaupverði. Fjárfestingar til sölu eru eftir það bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingar eru færðar út úr efnahagsreikningi þegar réttindi til sjóðstreymis þeirra eru útrunnin eða þegar samstæðan hefur flutt áhættu og ávinning af fjárfestingunni. Önnleystur hagnaður/tap af fjárfestingum sem flokkaðar eru sem fjárfestingar til sölu er færður meðal eigin fjár. Gangvirði fjárfestinga er byggt á tilboðsverðum eða sjóðstreymislíkönunum. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er áætlað út frá verði/hagnaði eða verði/sjóðstreymiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Þar sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Þegar fjárfestingaverðbréf eru seld eða færð niður, færast uppsöfnuð áhrif sem áður höfðu verið færð yfir eigið fé til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar samstæðan gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu, núvirt greining á sjóðstreymi og verðmyndunarlíkön fyrir vilnun sem eru sérsniðin til að endurspegla sérstakar aðstæður útgefandans.

Á sérhverri dagsetningu efnahagsreiknings metur samstæðan hvort fyrir hendi séu hlutlægar vísbendingar um að fjáreign eða flokkur fjáreigna hafi rýrnað í virði. Þegar um er að ræða hlutabréfatengd verðbréf sem er haldið til sölu er tekið tillit til verulegrar lækkunar eða lækkunar til lengri tíma á gangvirði verðbréfsins sem er lægra en kostnaðarverð þess þegar ákvarðað er hvort verðmæti bréfanna hafi lækkað. Ef einhver slík vísbending er fyrir hendi að því er varðar fjáreignir sem haldið er til sölu er uppsafnað tap - metið sem mismunurinn á kostnaðarverði kaupanna og gildandi gangvirðis að frádregnu öllu virðisrýrnunartapi af þessari fjáreign sem var áður fært í rekstrarreikning - fjarlægt úr eigin fé og fært í rekstrarreikning. Virðisrýrnunartöpp af eiginfjárgerningum sem færð eru í rekstrarreikning eru ekki bakfærð í gegnum rekstrarreikning.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samstanda af netum, köðlum, járnvörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

2.10 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

2.11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom samstæðunnar.

2.12 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innfelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem móttækið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði. Allur lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.15 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.16 Starfsmannasamningar

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

Það liggur fyrir formleg ákvörðun um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar og ákvörðunin er tekin áður en reikningsskilin eru gefin út.

Kostnaður vegna ágóðahluta og bónusgreiðslna sem verður væntanlega greiddur á næstu 12 mánuðum, er færður á þeirri fjárhæð sem líklegt er að komi til greiðslu.

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.18 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) *Sala á vöru og þjónustu*

Sala á vöru er færð á því reikningsskilatímabili sem varan er afhent og sala á þjónustu er færð á því reikningstímabili sem þjónustan er innt af hendi með áfangaaðferð.

(b) *Vaxtatekjur*

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerninga sem færðir eru á kostnaðarverði.

(c) *Arðstekjur*

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.19 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem samstæðan nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á gangvirði leigumunar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna hvort sem lægra er. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt hefur leiguskuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, verið færð meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leigusamningar þar sem leigusali heldur verulegum hluta áhættu og ávinnings vegna eignarhalds eru flokkaðir sem rekstrarleiga. Greiðslur sem inntar eru af hendi samkvæmt rekstrarleigu (að frádregnum öllum hvatagreiðslum móttæknum frá leigusala) eru gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

2.20 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmiss konar fjárhagsáhættu, þar með talið lánsáhættu, lausafjáráhættu og markaðsáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

(a) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Margir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum eða móðurfélagi ábyrgðir. Þann 31. desember 2009 námu ábyrgðir 4,6 milljónum evra (2008: 4,6 millj. evrur)

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillits til veða

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2009 og 2008. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörstegi.

Lánsáhætta tengd efnahagsliðum	Mesta mögulega tap	
	2009	2008
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8.743	7.949
Handbært fé	4.218	2.757
Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	12.961	10.706

b) Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg.

Staða 31. desember 2009

	Bókfært verð	Sjóðstreymi skv. samningum	Innan 1 árs	1 - 2 ár	2 - 5 ár	Yfir 5 ár
Lántökur	34.615	40.681	20.481	2.766	16.295	1.138
Viðskiptaskuldir	4.397	4.397	4.397	0	0	0
	39.012	45.078	24.878	2.766	16.295	1.138

b) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga. Helstu starfrækslugjaldmiðlar einstakra samstæðufélaga eru evrur (EUR) og íslenskar krónur (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru ISK, CHF og JPY.

Lántaka samstæðunnar í öðrum gjaldmiðlum en evrum myndar gengisáhættu sem ekki er varin. Vextir af þessum lánum eru lægri en af lánum sem samstæðan tekur í evrum.

Vaxtaááhætta

Lántökur samstæðunnar eru að stærstum hluta með breytilegum vöxtum.

Önnur markaðsverðsááhætta

Önnur markaðsverðsááhætta samstæðunnar er aðallega fólgin í fjárfestingu í hlutdeildarfélaginu HB Granda hf.

3.1 Áhættustýring eiginfjár

Félagið stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu hennar til áframhaldandi reksturs til að greiða eigendum sínum arð og öðrum hlutaðeigandi viðeigandi ávinning og til að viðhalda skipulagi fjármögnunar sem lágmarkar kostnað við fjármögnun.

Félagið getur breytt upphæð arðs sem greiddur er hluthöfum, endurgreitt hlutafé, gefið út nýtt hlutafé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjármögnun samstæðunnar og eiginfjárlutfall (fjárhæðir í þúsundum króna):

	2009	2008
Lántökur, langtíma	17.112	18.029
Lántökur, skammtíma	17.503	17.446
Frádregið: Handbært fé	(4.218)	(2.757)
Skuldir nettó	30.397	32.718
Eigið fé	37.582	34.838
Fjármögnun samtals	67.979	67.556
Eiginfjárlutfall	47,99%	45,50%

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem talðar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

5. Aðrar tekjur (-gjöld) 2009 2008

Aðrar tekjur (-gjöld) greinast þannig:

Hagnaður (tap) vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna og byggingaréttar	0	358
---	---	-----

6. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál 2009 2008

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

Laun	8.573	9.721
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	1.629	1.910
	10.202	11.631

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu.	436	537
----------------------------------	-----	-----

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi 2009 2008

Framleiðslukostnaður	6.258	7.342
Annar rekstrarkostnaður	3.944	4.289
	10.202	11.631

7. Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig 2009 2008

Sölu -stjórnunar og markaðskostnaður	7.039	7.632
Afskrifaðar viðskiptakröfur	165	371
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	511	472
Annar kostnaður	798	674
	8.513	9.149

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) 2009 2008

Vaxtatekjur	181	187
Vaxtagjöld	(1.806)	(1.843)
Gengismunur	622	(2.494)
Söluhagnaður (-tap) og niðurfærsla hlutabréfa, fenginn arður	179	73
	(824)	(4.077)

9. Tekjuskattur 2009 2008

Tekjuskattur til greiðslu	(32)	704
Frestaður tekjuskattur (Skýring 19)	491	(1.945)
	459	(1.241)

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði samstæðunnar fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

Hagnaður (tap) fyrir skatta	3.435	(323)
-----------------------------------	-------	-------

Reiknaður tekjuskattur með tekjuskattshlutfalli viðkomandi lands	203	116
Varanlegir mismunir	277	(1.353)
Nýting á yfirfæranlegu tapi sem ekki hefur verið tekið tillit til	(21)	(4)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	459	(1.241)

10. Hagnaður (tap) á hlut

Hagnaður (tap) á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vagnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2009	2008
Hagnaður á árinu (þúsundir evra)	2.976	918
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	496.746	496.900
Hagnaður á hlut (EUR cent)	0,60	0,18

Heildarfjöldi hluta nemur 500 milljónum, þar af eru eigin hlutir 3,4 milljón, hver að nafnverði 1 ISK. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á tímabilinu.

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Staða 1. janúar 2008			
Kostnaðarverð	21.086	15.227	36.313
Uppsafnaðar afskriftir	(2.349)	(5.831)	(8.180)
Bókfært verð	18.737	9.396	28.133
Miðað við 31. desember 2008			
Bókfært verð í 1. janúar 2008	18.737	9.396	28.133
Gengismunir	(656)	(199)	(855)
Viðbætur	6.030	684	6.714
Selt og aflagt	(689)	(88)	(777)
Afskriftir	(278)	(1.060)	(1.338)
Bókfært verð 31. desember 2008	23.144	8.733	31.877
Staða 1. janúar 2009			
Kostnaðarverð	25.104	14.406	39.510
Uppsafnaðar afskriftir	(1.960)	(5.673)	(7.633)
Bókfært verð	23.144	8.733	31.877
Miðað við 31. desember 2009			
Bókfært verð í byrjun árs	23.144	8.733	31.877
Gengismunir	65	14	79
Viðbætur	781	918	1.699
Selt og aflagt	(127)	(95)	(222)
Afskriftir	(324)	(1.081)	(1.405)
Bókfært verð 31. desember 2009	23.539	8.489	32.028
Staða 31. desember 2009			
Kostnaðarverð	25.765	14.765	40.530
Uppsafnaðar afskriftir	(2.226)	(6.276)	(8.502)
Bókfært verð 31. desember 2009	23.539	8.489	32.028

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2009	2008
Framleiðslukostnaður	1.085	1.043
Annar rekstrarkostnaður	320	295
	1.405	1.338

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

Alþjóðleg fjármálakreppa hefur óviðá valdið jafn miklum erfiðleikum og í þeim þrem löndum þar sem meginhluti samstæðu Hamþjóðunnar er staðsettur, þ.e. á Íslandi, Írlandi og í Litháen. Þó svo almenn rekstrarskilyrði fyrir framleiðsluðnað hafi á ýmsan hátt batnað, m.a. vegna lækkunar á raungengi íslensku krónunnar og minni kostnaðarþenslu í viðkomandi löndum, hefur skarpur samdráttur í eftirspurn dregið verulega úr markaðsverðmæti ýmissa eigna samstæðunnar, ekki síst atvinnuhúsnæði. Þá hefur aðgengi samstæðunnar að samkeppnishæfri lánsfjármögnun minnkað. Líklegt er að um tímabundið ástand sé að ræða og að eignaverð hækki aftur á komandi árum samhliða aukinni eftirspurn og auknu framboði lánsfjár.

12. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hugbún. og þróunar- kostn.	Samtals
Staða 1. janúar 2008				
Kostnaðarverð	2.547	2.777	1.443	6.767
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(622)	(485)	(1.336)
Bókfært verð	2.318	2.155	958	5.431
Miðað við 31. desember 2008				
Bókfært verð í 1. janúar 2008	2.318	2.155	958	5.431
Gengismunir	0	0	(13)	(13)
Viðbætur	0	0	137	137
Selt og aflagt	0	0	(16)	(16)
Afskriftir	0	(166)	(157)	(323)
Bókfært verð 31. desember 2008	2.318	1.989	909	5.216
Staða 1. janúar 2009				
Kostnaðarverð	2.547	2.777	1.489	6.813
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(788)	(580)	(1.597)
Bókfært verð	2.318	1.989	909	5.216
Miðað við 31. desember 2009				
Bókfært verð í byrjun árs	2.318	1.989	909	5.216
Gengismunir	0	0	(1)	(1)
Viðbætur	30	117	70	217
Afskriftir	0	(172)	(175)	(347)
Bókfært verð 31. desember 2009	2.348	1.934	803	5.085
Staða 31. desember 2009				
Kostnaðarverð	2.577	2.894	1.558	7.029
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(960)	(755)	(1.944)
Bókfært verð 31. desember 2009	2.348	1.934	803	5.085

Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2009	2008
Framleiðslukostnaður	156	146
Annar rekstrarkostnaður	191	177
	347	323

Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar:

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Í þessum útreikningum eru notaðar sjóðstreymisspár sem eru byggðar á fjárhagsáætlunum stjórnenda og ná yfir fimm ára tímabil. Sjóðstreymi sem nær til lengri tíma en fimm ára er reiknað miðað við 8,8% framlegð og 3% áætluðum vaxtarhraða (3%). Fjárstreymi var núvirt miðað við 15% veginn fjármagnskostnað.

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðsþróun. Veginn meðalvaxtarhraði sem notaður er miðast við spár sem fram koma í atvinnugreinaskýrslum. Afvöxtunarstuðlarnir eru fyrir tekjuskatt og endurspegla sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfsþáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddu ekki til virðisrýrnunartaps á árunum 2009 og 2008.

13. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:

	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
HB Grandi hf	9,43%	1.193	12.379

Samandregnar fjárhagsupplýsingar um hlutdeildarfélag:

	2009	2008
Eignir samtals	288.725	295.934
Skuldir samtals	155.893	170.753
Eigið fé samtals	132.832	125.181
Hagnaður	13.046	16.031

Áætlað markaðsvirði eignarhluta Hampiðjunnar í HB Granda hf. miðað við síðasta skráða viðskiptagengi var í lok ársins 4,6 milljónir evra.

14. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir á kostnaðarverði greinast þannig:

	2009	2008
Síldarvinnslan hf	175	175
P/F Von	115	0
Önnur félög	36	91
	<u>326</u>	<u>266</u>

15. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	2009	2008
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	13.912	14.807
Vörur í vinnslu	850	914
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	527	783
	<u>15.289</u>	<u>16.504</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

16. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:	2009	2008
Viðskiptakröfur	8.818	8.014
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(447)	(677)
Viðskiptakröfur nettó í árslok	8.371	7.337
Skuldabréf og aðrar kröfur	372	612
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í árslok	8.743	7.949

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 447 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2009	2008
Niðurfærsla í byrjun árs	677	460
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	(395)	(154)
Breyting niðurfærslu á árinu	165	371
	447	677

17. Handbært fé

	2009	2008
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	4.218	2.757

18. Lántökur

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	18.960
Skuldir í íslenskum krónum	92
	19.052

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:	Hlutfall	Staða
ISK	0,5%	92
EUR	69,4%	13.231
CAD	5,0%	950
CHF	13,7%	2.603
JPY	2,9%	555
DKK	7,8%	1.491
NZD	0,7%	130
	100%	19.052

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins samkvæmt fyrirliggjandi drögum að lánasamningum frá lánastofnunum, greinast þannig á næstu ár:

Árið 2010	1.940
Árið 2011	2.009
Árið 2012	2.854
Árið 2013	1.794
Síðar	10.455
	19.052

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	17.112
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar á meðal skammtímaskulda	1.940
Bankalán til skammtíma færðar meðal skammtímaskulda	15.563
	17.503

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

19. Frestaður tekjuskattur

Frestuð tekjuskattsskuldbinding nettó greinist þannig á eftirfarandi liði:	2009	2008
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	844	2.755
Tekjuskattur á tímabilinu	459	(1.241)
Tekjuskattur til greiðslu	32	(704)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	139	34
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	<u>1.474</u>	<u>844</u>

Frestuð tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:	2009	2008
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.757	1.141
Aðrir efnahagsliðir	54	64
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(95)	(168)
	<u>1.716</u>	<u>1.037</u>

Frestuð tekjuskattsinneign greinist þannig á eftirfarandi liði:	2009	2008
Varanlegir rekstrarfjármunir	254	249
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(496)	(442)
	<u>(242)</u>	<u>(193)</u>

20. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2009	2008
Viðskiptaskuldir	3.714	4.323
Aðrar skammtímaskuldir	683	897
	<u>4.397</u>	<u>5.220</u>

21. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar.

Tengdir aðilar með veruleg áhrif:

Samstæðan átti viðskipti á árinu við hlutdeildarfélagið HB Granda hf. og voru viðskiptin við félagið eins og um ótengdan aðila væri að ræða.

Viðskipti við stjórn og stjórnendur:

Laun og hlunnindi til stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun	Fjöldi hluta í árslok*
Jón Guðmann Pétursson, forstjóri.....	230	56
4 framkvæmdastjórnar.....	422	0
Bragi Hannesson, stjórnarformaður.....	10	20.000
Árni Vilhjálmsson, stjórnarmaður.....	3	17.274
Kristján Loftsson, stjórnarmaður.....	3	1.640
Sigurgeir Guðmannsson, stjórnarmaður.....	3	12.750
	<u>671</u>	<u>51.720</u>

*Hlutir eru að nafnverði í þúsundum IKR

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

22. Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartyggingar sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 10,4 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 27,2 milljónum evra, framleiðsluvéla og -tækja, ásamt hug- og skrifstofubúnaðar 27,5 milljónum evra og vörubirgða 15,8 milljónum evra.

23. Árshelmingayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

	júlí - des. 2009	jan.-jún. 2009	júlí - des. 2008	jan.-jún. 2008	júlí - des. 2007
Rekstrartekjur	18.940	18.760	19.054	20.984	20.495
Rekstrargjöld án afskrifta	(16.753)	(16.129)	(17.025)	(19.109)	(18.747)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	2.187	2.631	2.029	1.875	1.748
Afskriftir	(897)	(855)	(809)	(852)	(832)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.290	1.776	1.220	1.023	916
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3	366	1.987	(4.553)	(2.548)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	1.293	2.142	3.207	(3.530)	(1.632)
Tekjuskattur	(207)	(252)	(7)	1.248	75
Hagnaður (tap) árshelminga	1.086	1.890	3.200	(2.282)	(1.557)

24. Aðrir varasjóðir

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Samtals
Staða 1. janúar 2008	1.063	(1.441)	(378)
Þýðingarmunur ársins	1.063	(1.213)	(1.213)
		(2.654)	(1.591)
Staða 31. desember 2008 / 1. janúar 2009	1.063	(2.654)	(1.591)
Þýðingarmunur ársins		369	369
Tillag í lögbundinn varasjóð	321		321
Staða 31. desember 2009	1.384	(2.285)	(901)

Lögbundinn varasjóður

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum. Ekki er heimilt að greiða lögbundinn varasjóð til hluthafa í formi arðs. Samkvæmt hlutafélagalögum skal leggja í varasjóðinn þar til hann hefur náð 25% af hlutafé.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila félaga innan samstæðunar sem er aðskiljanlegur hluti af rekstri móðurfélagsins.

25. Yfirlit yfir dótturfélög

	Eignarhluti	Staðsetning
Hampidjan Baltic UAB	100%	Litháen
Hampidjan HiTec Ropes AS	100%	Noregi
Hampidjan Namibia LTD	100%	Namibíu
Hampidjan New Zealand LTD	100%	Nýja Sjálandi
Hampidjan Canada LTD	100%	Kanada
Hampidjan USA Inc	100%	Bandaríkjunum
OTTER Ultra Low Drag LTD	100%	Cayman Island
Balmar - Fios, Lda	100%	Portúgal
Cosmos Trawl A/S	60%	Danmörku
Swan Net Gundry LTD	53,7%	Írlandi
Fjarðanet hf.	50,9%	Íslandi

HLUTVERK HAMPIÐJUNNAR HF.

- *Að vera leiðandi í sölu og þjónustu á afburða veiðarfærum á mörkuðum sem óska eftir gæðum og hafa efni á þeim.*
- *Að þróa og selja kaðla úr ofurefnum á mörkuðum sem gefa af sér virðisauka vegna vöruþróunar, efnisvals, einkaleyfa eða aðgengis.*
- *Að fjárfesta, með langtíma samstarfsaðilum, í annarri atvinnustarfsemi.*

